



**Sönghópurinn Hljómeyki** fagnaði 40 ára afmæli sínu á nýliðnu ári. Hann hefur frá upphafi verið í fremstu röð íslenskra kóra og tekist á við afar fjölbreytt verkefni, allt frá kórmúsík endurreisnarinnar til rokktónlistar. Árið 1986 tók hópurinn upp samvinnu við Sumartónleika í Skálholti og hefur síðan lagt mikla áherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Í Skálholti hefur Hljómeyki frumflutt tugi verka eftir mörg helstu tónskáld landsins og hópurinn tekur iðulega þátt í öðrum hátíðum sem helgaðar eru nýrri tónlist. Þá hefur kórinn gefið út sex hljómdiska með íslenskum verkum. Hljómeyki hefur oft sinnis komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig sungið með rokksveitunum Todmobile, Dúndurfréttum, Sólstöfum og Skálmöld. Í maí 2008 tók kórinn þátt í kórakeppninni *Florilège Vocal de Tours* í Frakklandi og varð hlutskarpastur í flokki kammerkóra. Í umsögn dómnefndar sagði m.a. að Hljómeyki hefði fallegan hljóm og einkar hrífandi og hjartnæma túlkun. Í júní á þessu ári mun kórinn taka þátt í alþjóðlegu kórahátíðinni *Alta Pusteria* í Suður-Týról.